

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 4. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 365, 4. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 149, 26. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gudrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð — Yfirlit

A — Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,42 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,44 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	7,20 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 260,00 kr/ár

B — Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	25 454,00 kr/ár
	Orkugjald	1,62 kr/kWh
	Aflgjald	6 363,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	2,94 kr/kWh
	Fast gjald	3 985,00 kr/ár

C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar

Orkugjald	1,53 kr/kWh
Fast gjald	2 581,00 kr/ár

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.
Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskílówatti og bætast við mældan afltopp.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.	Heimt.gjöld:
25A 1 fasa	6 577,00
63A 1 fasa	32 460,00
63A 3 fasa	35 460,00
100A 3 fasa	54 636,00
200A 3 fasa	111 415,00
315A 3 fasa	175 693,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafli, ef úttekið launafli nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 964,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 964,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 104, 3. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald	6,13 kr/kWh
1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
Orkugjald	7,63 kr/kWh
1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
Aflgjald	8 235,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 921,00 kr/kW/ár
Gjald alls	17 156,00 kr/kW/ár